

## REGLUGERÐ

**um innleiðingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða, og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013.**

1. gr.

*Innleiðing á EES-gerð.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi hér á landi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/589 frá 13. apríl 2016 um vinnumiðlunarnet Evrópu (EURES-netið), aðgang launafólks að þjónustu vegna hreyfanleika og frekari samþættingu vinnumarkaða, og breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 492/2011 og (ESB) nr. 1296/2013, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 302/2019, frá 13. desember 2019 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) og bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, nr. 14 frá 5 mars 2020, bls. 52.

2. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 55/2006 um vinnumarkaðs-aðgerðir, og að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar öðlast þegar gildi.

*Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu, 3. október 2022.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Bjarnheiður Gautadóttir.*

B-deild – Útgáfudagur: 17. október 2022